

Nd.

200. Framvarp

til laga um Verzlunar- og útvegsbanka Íslands.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson. Bjarni Ásgeirsson. Lárus Helgason.

1. gr.

Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 millj. krónur sem forgangshlutfé með þeim skilyrðum:

- a) Að að minnsta kosti 2½ millj. kr. í forgangshlutfé komi annarsstaðar frá. Heimild fjármálaráðherra þarf til, að þetta hlutfé fari fram úr 3 millj. kr.
- b) Að póstsjóður Dana láti innieign sína hjá Íslandsbanka ganga næst hlutfénu um áhættu.

- c) Að hagkvæmir samningar fáist við aðalskuldheimtumenn Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra.
- d) Að hin eldri hlutabréf verði metin og nafnverð þeirra fært niður í samræmi við matið.

2. gr.

Forgangshlutfé rikissjóðs skal greitt að hálfu af núverandi skuld Íslandsbanka við rikissjóð, og að hálfu með nýju fé, sem ríkisstjórninni heimilast að taka að láni.

3. gr.

Aðalfundur hluthafa kys fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör. Takmarkanir á atkvæðarétti skulu engar vera að því er forgangshlutfé rikissjóðs snertir.

Fyrsti aðalfundur skal haldinn þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, og fellur þá niður umboð núverandi fulltrúaráðs.

Fjármálaráðherra setur reglur um skyldur og störf fulltrúaráðs, en fulltrúaráðið bankastjórunum erindisbréf.

4. gr.

Þegar stjórn Landsbankans óskar þess, skal Íslandsbanka skylt að draga inn seðla sína, sem þá eru í umferð. Um ráðstafanir um gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum af Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innköllun seðlanna.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að leysa Íslandsbanka undan greiðsluskyldu á innlánsfé og öðru innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum, sem inni stóð í bankanum 3. febr. 1930, þannig að taki til innstæðufjárins alls eða tiltekins hundraðshluta af því um tiltekinn tíma, og þó eigi lengur en til 6 mánaða í senn.

6. gr.

Heiti Íslandsbanka skal frá 1. jan. 1931 vera: Verzlunar- og útveggsbanki Íslands.

7. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og eru jafnframt úr lögum numin eldri ákvæði, sem fara í bága við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er byggt á þeim athugunum og umleitunum, sem fram hafa farið undanfarnar vikur viðvíkjandi Íslandsbanka, og þó að þeim sé enn ekki lokið í öllum atriðum, þykir ekki rétt að láta flutning þess dragast lengur.

Nánar í framsögu.